



Reykjavík, 7. september 2023

Októberfest, opið bréf/erindi til Stúdentaráðs, rektors, Háskólaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðherra.

Óskað er eftir svörum frá þessum aðilum við þessu bréfi. Háskóli Íslands er opinber stofnun.

Nú um þessar mundir eins og undanfarin haust boðar Stúdentaráð Háskóla Íslands til Októberfest – bjór-fylleríshátíðar innfluttrar frá Suður-Þýskalandi. Fylleríð er haldið á lóð Háskóla Íslands, skóla allra landsmanna, þá væntanlega með leyfi rektors og Háskólaráðs. Drykkjuhátíðin er þó ekki haldin í október eins og búast má við samkvæmt nafninu heldur nú snemma í september í lok nýnemaviku. Væntanlega til auka líkurnar á að þeir nemendur sem eru veikir fyrir víni falli sem fyrst úr skóla. Svona eins konar númerus clausus? Það má færa rök fyrir því að það sé brot á jafnrétti að Háskóli Íslands skuli svona gróflega vinna að því að fella ákveðinn hóp fólks.

Annar hópur stúdenta og nýstúdenta sem fer sístækkandi er nú aldeilis ekki boðinn velkominn í Háskólann í byrjun skólaárs. Það eru bindindismenn. Samkvæmt nýjustu könnunum Rannsóknar og greiningar þá neyta 46 % framhaldskólanema ekki áfengis. En þessi hópur eru hvattur til að hefja drykkju þegar Stúdentaráð stendur svona með áfengisiðnaðinum og heldur Októberfest með þeim óbeinu skilaboðum að þú sért ekki alvöru-háskólastúdent nema þú neytir fíkniefna og helst mikið af þeim.

Af hverju vinnur Stúdentaráð og Háskóli Íslands svona freklega gegn stúdentum sem eru bindindismenn?

Áfengisiðnaðurinn (eins og aðrir fíkniefnaframleiðendur) leggur alla áherslu á að allir smakki eitrið því það hámarkar fjöldann sem verður fíkninni að bráð og þannig græða þeir mest. T.d. í Bretlandi þá eru það 4 % fullorðinna sem drekka 27 % af áfengismagninu og eru 23 % af tekjum áfengisiðnaðarins. Þjóðverjar tala um að 10% fullorðinna neyti 50% af áfengi. Það þýðir að *annað hvert glas af áfengi er er keypt af fólki með áfengisvanda*. Já, viðskiptamódelið byggir á að græða sem mest á fárveiku fólki.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar á Íslandi. Stúdentaráð auglýsir samt grimmt og brýtur þannig lög, t.d. á Facebook síðu sinni, fyllrerísveisluna sína og auglýsir sérstök magnafsláttar-björkort til að hvetja til sem mestrar drykkju. Boðið er upp á bjór í lítrakönnum – en áfengismagn í einum lítra af 5-6 % bjór er álíka og 5 til 6 skot af vodka. Þetta er það sem



SHÍ

@Studentarad

Follow

Í dag byrjum við forsölu ⚡

Besta verðið!

Helgarpassi + 10 bjórar = 9900 kr

Helgarpassi = 6900 kr

Kláraðu þetta í dag á [tix.is/is/event/8571/...](https://tix.is/is/event/8571/)



á ensku er kallað binge drinking, þýtt á íslensku sem lotudrykkja en er á kjarnyrtri íslensku fyllerí. Átti ekki innleiðing bjórsins að draga úr fyllerí? Októberfest er fyllerí.

Öll neysla áfengis er skaðleg og eftir því sem heildarneysla á áfengi í þjóðfélagi vex, þá vex heildarskaðinn. Síðan bjórinn var leyfður á Íslandi 1989, hefur áfengisneysla aukist um 90% og heildarskaðinn aukist. **Hvað ætlar Stúdentaráð og Háskóli Íslands gera til að minnka heildarskaðann af áfengisneyslu?**

Af hverju tekur á Háskóli Íslands ekki á því að Stúdentaráð brýtur landslög með því að auglýsa áfengi?

Ef til vill lítur Stúdentaráð (og Háskólaráð) á fíkniefnaneyslu, þar á meðal áfengisneyslu, sem atvinnuskapandi fyrir háskólamenntað fólk??? Meira að gera t.d. hjá félagsfræðingum, sálfræðingum, lögfræðingum, dómurum, hjúkrunarfræðingum, og læknum. Og ef til vill greiðari leið inn á þing með stuðningi áfengisíðnaðarins? Það er ekki einleikið að æ ofan í æ að þingmenn nýskriðnir á þing sem hafa ekki minnst einu orði á áfengi í kosningabaráttu sinni skuli gera að sínu fyrsta máli frumvarp til að veikja áfengisforvarnir í landinu.

Tóbak er líka löglegt fíkniefni eins og áfengi en það er ekki í tísku og Stúdentaráð gerir því ekki hátt undir höfði en hvað ef svo hörmulega færi að önnur fíkniefni yrðu gerð lögleg?

Myndi Stúdentaráð og Háskóli Íslands þá hampa kannabis með grasveislu?

Halda kókaín- og alsælureif?

Setja upp Xanax- og ritalínbása á prófatíma?

Eða ópíumbæli eða zombieland í Stúdentakjallaranum?

Háskóli Íslands hefur lýst yfir metnaði sínum að standa í fremstu röð í heiminum – er það kannski sem fíkniefna-háskóli?

Svör óskast.

Um 3 milljónir dauðsfalla í heiminum á hverju ári má rekja til áfengisneyslu, 5,3 % allra dauðsfalla - og er hún helsta dánarorsök fólks á aldrinum 15 til 49 ára. Normið er samt að drekka ekki áfengi, því takið eftir: 62 % fullorðinna í heiminum neytir ekki áfengis og því er þessi dánartíðni mun hærrí hjá þeim sem neyta áfengis.

Á Evrópusvæðinu deyja næstum milljón manns árlega vegna áfengisneyslu enda er mest neytt af áfengi þar. Tíunda hvert dauðsfall þar er vegna áfengis. Vegna öflugra forvarna á Íslandi hefur neysla áfengis verið minni en í Evrópu, einkum áður en bjórinn var leyfður og því heildarskaðinn minni. Áður sást varla skorpulífur á Íslandi en tíðni hennar hefur áttfaldast vegna bjórdrykkju. Er markmið **Stúdentaráðs og Háskóla Íslands** að ná Evrópu í áfengisneyslu og að 10% deyi hér á landi vegna áfengis? Það væru 230 dauðsföll á ári á Íslandi.

Er það markmið Stúdentaráðs og Háskóla Íslands - Fleiri fyrr í gröfina! ?

Áfengi er orsakavaldur í yfir meira en 200 sjúkdóma- og slysaflokkum. 30 til 40 % af dauðsföllum í umferðinni á Íslandi eru tengd áfengisneyslu. Áfengisneysla er þáttur í yfir 40 % af heimilisofbeldi hér á landi. Langflest morð á Íslandi frá stofnun lýðveldis hafa verið framin undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.





Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunin staðfesti árið 1988: ”Áfengir drykkir eru *krabbameinsvaldandi* fyrir mannfólk.” Þetta var árið áður en bjór var leyfður á Íslandi. Áfengi veldur krabbameini í munnholi, munnkoki, barkakýli, vélinda, ristli, endaparmi, lifur og gallrás lifrar, sem og í brjóstum. Ekkert magn áfengisneyslu er nógu lítið til að vera öruggt þegar kemur að krabbameini. Á heimsvísu má rekja 4,2% allra dauðsfalla af völdum krabbameins til áfengis. Um 50% allra áfengistengdra krabbameina er hjá fólki sem neytir ekki mikils magns af áfengi.

ESB lagði fram árið 2021 plan til að berjast gegn krabbameini - *Europe's Beating Cancer Plan*. Þar er lögð áhersla á að áfengi veldur krabbameini og það þarf að minnka áfengisneysluna.

Með því að halda Októberfest stuðla **Stúdentaráð og Háskóli Íslands** að fjölgun krabbameina.

Hvað ætlið þið að leggja af mörkum til baráttunnar gegn krabbameini?

Áfengi (etanól) veldur litningaskemmdum og hefur einnig áhrif á sviperfðir (epigenetics). Áfengisneysla á meðgöngu getur valdið rófi raskana á fóstri (*Fetal alcohol spectrum disorders, FASD*) þar sem áfengisheilkenni fósturs er umfangsmesta formið. „Rannsóknir hafa bent til þess að ekki sé til neitt, „öruggt“ magn áfengis sem neyta megi á meðgöngu. Það er sérlega varasamt ef mikið magn er drukkið í einu (*binge drinking*).“ Ekki má gleyma karldýrinu. Rannsóknir benda til þess að áfengi getur skaðað sáðfrumur, bæði þær sjálfar og litningana sem þær bera. Áfengi eykur ófrjósemi í körlum og eykur líkur á erfðagöllum í afkvæmum þeirra. Hafa ber í huga að framleiðsla á sáðfrumu tekur um 65 daga.

Í samantektarrannsókn kemur fram að 428 mismunandi sjúkdómseinkenni birtast hjá fólki með fósturáfengisröskun (FASD).

Hvað ætla Stúdentaráð og Háskóli Íslands að leggja af mörkum til baráttunnar gegn fósturáfengisröskunum?

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, sem yfirvöld á Íslandi hampa sem góðum ráðgjöfum í heilbrigðismálum, samþykkti á nýjasta fundi Alþjóðaheilbrigðisþingsins (**WHA75**) í maí 2022, sögulega ákvörðun um alþjóðleg viðbrögð við skaða af völdum áfengisíðnaðarins. WHA75 samþykkti einróma alþjóðlega áfengisaðgerðaáætlun WHO (2022-2030) og styður þar með yfirgripsmikla áætlun - forgangsverkefni í lýðheilsu - með metnaðarfullum markmiðum og aðgerðum gegn áfengisneyslu. Þar er einnig harmað hve forvarnir hafa veikst síðustu 10 ár. **Samþykkt var að draga úr áfengisneyslu um 20% fyrir árið 2030.** Evrópusvæði WHO samþykkti síðan í september 2022, áætlun byggða á þessarri heimáætlun - *European framework for action on alcohol 2022–2025* – sem miðar að því að ná 10% lækkun áfengisneyslu á mann fyrir árið 2025 (frá 2010). Ísland samþykkti báðar þessar áætlanir.

Hvað ætlar Stúdentaráð og Háskóli Íslands að gera? Vinna með eða á mótí Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni? Vinna á mótí alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur gengið undir?





Ef þjáningar, sjúkdómar og dauði hnika ekki dálæti Stúdentsráðs á áfengi, ef til vill peningar?

Lítum á kostnaðinn vegna áfengisneyslu fyrir þjóðfélagið. Áfengistengdur skaði bitnar líka á öðrum. Heilsufarstjónið er aðeins hluti af því heildartjóni sem áfengi veldur. Tjón af völdum áfengis snertir ekki aðeins þá sem nota áfengi heldur einnig þá sem eru í kringum þá, fjölskyldumeðlimi, vini og vandamenn, vinnufélaga og ókunnugt fólk.

Í Noregi er samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu 100 milljarðar norskar á ári og í Þýskalandi er kostnaðurinn 57 milljarðar evra á ári. Til samanburðar þá fóru 47 milljarðar evra í varnarmál í Þýskalandi 2021.

Gríðarlegt tap fyrirtækja er vegna áfengisneyslu. Áfengisneysla veldur fjarvistum frá vinnu og vinnu án einbeitingar. Á Bretlandi er talið að allt að 89.000 manns mæti á hverjum degi í vinnuna með timbarmenn eða undir áhrifum áfengis. Efnahagslegi kostnaðurinn er allt að 1,4 milljarði punda.

Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi er yfir 150 milljarðar á ári. Landlæknisembættið áætla að aukin neysla á áfengi um einn alkahóllíttra á mann, gæti aukið þjóðfélagslegan kostnað um allt 40 milljarða á ári!

Vill Stúdentaráð og Háskóli Íslands auka þennan kostnað eða minnka hann?

Vill Stúdentaráð og Háskóli Íslands auka álagið og auka kostnað í heilbrigðiskerfinu, hjá lögreglunni, í dómskerfinu, í fangelsiskerfinu?

Minnka framleiðni og gæði hjá fyrirtækjum?

Auka skattbyrði?

Vill Stúdentaráð og Háskóli Íslands vinna að því að Ísland og já, heimurinn allur nái Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030?

– Meginmarkmiðin eru 17 og 14 af þeim eru tálmuð af áfengi.

- 1 Engin fátækt
- 2 Ekkert hungur
- 3 Heilsa og vellíðan
- 4 Menntun fyrir alla
- 5 Jafnrétti kynjanna
- 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða
- 8 Góð atvinna og hagvöxtur
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir & samfélög
- 12 Ábyrg neysla og framleiðsla
- 13 Aðgerðir í loftslagsmálum
- 15 Líf á landi
- 16 Friður og réttlæti
- 17 Samvinna um markmiðin

Þarna er mikið verk að vinna og Stúdentaráð gæti hafið það með því að hætta að þjónka áfengisíðnaðinum. Ef ekki, þá hafa Stúdentaráð, rektor, Háskólaráð Háskóla Íslands og háskólaráðherra margt að svara fyrir með þessum spellvirkjum á íslensku samfélagi og árásum á íslensk ungmenni.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Bindindi borgar sig.



Stúdentaráð Háskóla Íslands
Organization

Send Message

Stúdentaráð í hörkuvinnu hjá Tuborg
Einbeittur brotavilji (myndir frá
2019)





IOGT á Íslandi

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi
Björn Sævar Einarsson
Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

Ítarefni

Opið bréf til þingmanna. Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Reykjavík 19. júní 2023
<https://heimildin.is/grein/18209/>

Umsögn IOGT á Íslandi um „frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um fjölmiðla, með síðari breytingum (smásala áfengis). 149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal 110 — 110. mál.
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5680.pdf>

Áfengi og Heimsmarkmið sjálfbærrar þróunar (skýrsla á íslensku og ensku) <https://iogt.is/2020/09/14/afengi-hindrar-heimsmarkmid/>

Global alcohol action plan 2022-2030 – <https://cdn.who.int/media/docs/default-source/alcohol/final-text-of-aap-for-layout-and-design-april-2023.pdf?>

European framework for action on alcohol 2022–2025 -
<https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/361662/72wd12e-Alcohol-220604.pdf>

Europe's Beating Cancer Plan https://health.ec.europa.eu/system/files/2022-02/eu_cancer-plan_en_0.pdf

ÁFENGISHEILKENNI FÓSTURS <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/afengisheilkenni-fostur-fetal-alcohol-syndrome>

428 sjúkdómseinkenni FASD - <https://www.sciencedaily.com/releases/2016/01/160106091842.htm>

Stúdentaráð Háskóla Íslands – Fésbókarsíða <https://www.facebook.com/Studentarad/>

Októberfest SHÍ – Fésbókarsíða. <https://www.facebook.com/OktoberfestShi>



IOGT á Íslandi, Hverafold 3, 112 Reykjavík, www.iogt.is, iogt@iogt.is